

SAMSTARFSSAMNINGUR UM ALMANNAVARNIR

Með vísan til 3. mgr. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/ 2008 gera eftirtalin sveitarfélög

Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing,
Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð

með sér svofelldan samstarfssamning um almannavarnir sem hljóta skal staðfestingu ráðherra

1. grein

Héraðsnefnd Þingeyinga skipar Almanna- varnanefnd Þingeyinga á fyrsta fundi eftir sveitarstjórnarkosningar. Kjörtími nefndarinnar varir þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum og skal að lágmarki kjósa formann, varaformann og ritara. Þá er nefndinni heimilt að ráða sér starfsmann.

2. grein

Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, framkvæmdastjórar þeirra sveitarfélaga sem að samstarfssamningnum standa og þrír fulltrúar sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Varamenn nefndarmanna eru staðgenglar þeirra.

Sá sem fer með málefni almanna- varnanna í umboði lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og starfsmaður nefndarinnar sitja fundi hennar og hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Almanna- varnanefnd mótastefnu og skipuleggur starf sitt að almanna- vörnum í héraði í samræmi við lög. Nefndin vinnur fjárhagsáætlanir til héraðsnefndar til afgreiðslu fyrir 1. nóvember ár hvert og sinnir að öllu leiti stjórnsýsluhlutverki því sem að almanna- vörnum snýr.

Nefndinni er heimilt að skipa trúnaðarmenn sína á starfssvæðinu. Trúnaðarmenn starfa með nefndinni og sitja fundi hennar eftir því sem hún ákveður.

3. grein

Nefndin skal skipa framkvæmdaráð almanna- varnanna þar sem sæti eiga starfsmaður nefndarinnar og þeir þrír fulltrúar sveitarstjórna sem í almanna- varnanefnd sitja og í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Þessir aðilar koma að starfi aðgerðarstjórnar ef þess gerist þörf ásamt því að koma að gerð og æfingu viðbragðsáætlana á starfssvæði Almanna- varnanna Þingeyinga. Aðilar þessir skulu starfa í fullu umboði nefndarinnar og hafa heimildir til að kalla aðila til starfa í almanna- varnaástandi.

4. grein

Almannavarnanefnd Þingeyinga starfar samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/ 2008 eftir því sem við á og samkvæmt samningi þessum. Hlutverk nefndarinnar er í samræmi við skilgreiningu á hlutverki almannavarnanefnda sem fram kemur 10. gr. sömu laga.

5. grein

Formaður, eða starfsmaður nefndarinnar í umboði hans, undirbýr og boðar fundi almannavarnarnefndarinnar. Um boðun funda og fundarsköp skal fara að fyrirmynd ráðuneytis sveitarstjórnarmála að samþykkt um fundarsköp sveitarstjórna, eftir því sem við á.

6. grein

Reikningsár almannavarnanefndar er almanaksárið. Samþykkt fjárhagsáætlun er starfsrammi almannavarnanefndar. Útgjöld eða fjárhagslegar skuldbindingar, umfram heimildir í fjárhagsáætlun, eru óheimilar nema með samþykki sveitarstjórna. Verði tekjuafgangur skal færa hann til tekna í áætlun næsta árs. Kostnaði af starfsemi, þ.m.t vinnuframlagi einstakra sveitarfélaga í almannavarnaáðgerðum, skal skipt milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúatölu þeirra 1. janúar næstliðinn.

Þrátt fyrir ákvæði um fjárhagsáætlun sem starfsramma almannavarnanefndar, skal hún ávallt hafa óbundnar hendur til athafna þegar almannavarnaástand ríkir og í neyðartilfellum.

7. grein

Skrifstofa Héraðsnefndar Þingeyinga sér um fjárreiður og bókhald fyrir nefndina. Ársuppgjör skal fylgja ársreikningi héraðssjóðs og stofnana héraðsnefndar og vera hluti hans.

8. grein

Samningur þessi byggir á lögum nr. 82/2008 sem tóku gildi 20. júní 2008 og er samningurinn uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

Þingeyjarsýslu í nóvember 2015

F.h. Þingeyjarsveitar,

Dagbjört Jónsdóttir (sign)

F.h. Norðurþings,

Kristján Þór Magnússon (sign)

F.h. Svalbarðshrepps,

Sigurður Þór Guðmundsson (sign)

F.h. Skútustaðahrepps,

Jón Óskar Pétursson (sign)

F.h. Tjörneshrepps,

Steinþór Heiðarsson (sign)

F.h. Langanesbyggðar,

Elías Pétursson (sign)

Staðfest
Ólöf Nordal (sign)